


HJARTAVERND




24. ÁRGANGUR
1. TÖLUBLAÐ SEPTEMBER 1987

Skokkað í hreinu lofti



„HEILBRIGÐI ALLRA ÁRIÐ 2000“ – FORVARNIR ALMENNINGS

Munnheilsa Íslendinga – Blóðgjöf og gerviblóð



Kjörbók Landsbankans - Góð bók fyrir bjarta framtíð

Landsbanki
Íslands
Banki allra landsmanna

HJARTAVERND



24. ÁRGANGUR
1. TÖLUBLAÐ SEPTEMBER 1987

Útgefandi:

Hjartavernd, Landssamtök hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi.

Ritstjórn:

Snorri P. Snorrason, Nikulás Sigfússon, Stefán Júliusson, Guðmundur Þorgeirsson og Þórður Harðarson.

Afgreiðsla blaðsins:

Skrifstofa Hjartaverndar, Lágmúla 9, 3. hæð – Sími 83755 Setning, umbrot, filmuvinnna og prentun:

Svansprent hf.

Kápa: Auglýsingastofan hf. Gísli B. Björnsson, Lágmúla 5.

Efni:

Forvarnir – heilsugæsla almennings	1
Blóðbankar – ný tækni í blóðgjöf	2
Könnun á munnheilsu. Einar Ragnarsson, Sigfús Þór Elíasson og Sigurjón H. Ólafsson ...	4
„Heilbrigði allra árið 2000“, Hrafn V. Friðriksson .	8
Hvenær á að ráðgera kransæðaskurðaðgerð? ..	12
Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar ..	17
Fréttir og frásagnir	3,15,21

Forvarnir – heilsugæsla almennings

Á síðustu árum hafa læknar og forgöngumenn um heilsurækt lagt æ meiri áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sjúkdómum eða forvarnir.

Forvarnir byggjast að sjálfsögðu einkum og aðallega á rannsónum og þekkingu á grundvallaratriðum sjúkdómsvalda. En forvarnir byggjast engu síður á fræðslu, upplýsingum um þá þætti sem valda sjúkdómum og hvernig snúast megi við sjúkdómshættu. Engin stoð er að rannsónum og niðurstöðum um áhættuþætti ef þær komast ekki til skila hjá fólkini. Pessi boð milli sérfræðinga og almennings eru í höndum lækna, heilbrigðisyfirvalda og ýmissa samtaka um heilbrigði og heilsurækt.

Hjarta- og æðasjúkdómar eru mannskæðustu sjúkdómarir hér á landi svo sem víðast á Vesturlöndum. Kransæðasjúkdómur tekur þar stærsta tollinn. Við honum er verst að snúast því að oft gerir hann ekki boð á undan sér; hann vegur snöggt og hratt.

Á síðustu áratugum hafa læknisaðgerðir og lækningatæki sem beitt er við hjartaáföll tekið stórstígum framförum. Því falla færri við fyrsta og annað áfall en áður var. En sjúkdómurinn er eigi að síður jafn geigvænlegur. Kransæðastífla verður ekki læknuð til fullnustu þótt læknisaðgerð takist vel hvort sem hún er víkkun eða framhjáleðsla. Viðgert er ekki sama og heilt. Þó verður það að segjast að oft takast þessar aðgerðir undra vel og endast lengi.

Lengi hafa læknar, sérfræðingar og áhugasamir leikmenn velt því fyrir sér hvort unnt sé að sporna við kransæðastíflu. Þá er alltaf staðnæmst við lifnaðarhætti fólks, lífsvenjur, framgangsmáta og mataræði. Eins og kunnugt er liggja rætur kransæðasjúkdóms í þykkildi í æðaveggjum og síðan stíflu, svokallaðri æðakölkun. Því er fyrsta spurningin að sjálfsögðu: Er hægt að koma í veg fyrir æðakölkun? Um þetta verður ekkert fullyrt afdráttarlaust en

eitt er víst: Verði á annað borð spornað við kransæðastíflu verður það fyrir átak heilbrigðisfirvalda og almennings í samvinnu. Forvarnir verða aldrei til gagns nema fyrir sameiginlegt átak. Þetta hefur sannast í öðrum löndum, t.d. í Bandaríkjum og Finnlandi. Þar hefur tiðni kransæðasjúkdóms lækkað mikið á síðustu árum með sameiginlegu átaki, fræðslu og beinum áróðri.

Og lifnaðarhættir og mataræði eru þungamiðjan. Flestir sérfræðingar eru á þeiri skoðun að aðaláhættuþættir kransæðasjúkdóms séu þessir: of hár blóðþrýstingur, of mikil blóðfita, sígarettureykingar og margir bæta við: streita og of mikil líkamsþyngd. Vitanlega verður ekki gengið fram hjá ættgengi. En þá er þess að geta að kransæðastífla var næsta sjaldgæfur sjúkdómur þar til á fimmta áratugnum. Sé um ættgengi að ræða – og fáir munu neita því algerlega – hafa erfðastuðlar magnast við breytta lifnaðarhætti. Enskur hjartasérfræðingur létt þá skoðun í ljós nýlega að bílunum væri um að kenna, hjartasjúkdómar hefðu vaxið vegna almennrar bílaeignar og ferðalaga í bílum. Hvað þá um hitaveitu, kyrissetur við vinnu í hitaðri skrifstofu, setur og stöður í hlýrri verksmiðju, verkstæði eða verslunum? Lífið er allt annað en var. Þægindi þykja eftirsóknarverð og eru það að viðsú marki. En þau virðast ekki vera hjartanu alls kostar holl. Skaðlegir erfðastuðlar sækja í sig veðrið við hóglífi hvort sem það er af völdum aksturs í bílum, hreyfingarleysi við störf á hituðum vinnustöðum eða af of miklum mat.

Og þá er komið að mataræðinu. Mikill meirihluti sérfræðinga er þeirrar skoðunar að blóðfita sé háð mataræðinu. Örðugt er að gera sér grein fyrir af hverju hár blóð-

þrýstingur stafar. Hitt er ljóst að hann eykur á líkúr á æðakölkun. Og einnig er það öruggt að hafa má tök á of háum blóðþrýstingi ef hann finnst nógu fljótt, annað tveggja með breyttum lifnaðarháttum eða með lyfjagjöf. Hæfileg líkamsrækt og hófleg neysla heldur blóðþrýstingi í skefjum.

Sígarettureykingar stuðla að æðaþrengslum og fleiri kvíllum og eru því afdráttarlaust áhættuþáttur kransæðastíflu. Það er einnig skaðlegt að bera of mörg pund á eigin skrokki allt of lengi; Það er a.m.k. engin hjartabót.

Margir pésar, ráðleggingabæklingar og ráðgjafarblöð eru gefin út um víða veröld til að benda fólk á leiðir til að forðast kransæðastíflu.

Alls staðar í þessum plöggum er þessi ráð að finna:

Láttu mæla blóðþrýsting.

Láttu mæla blóðfitu.

Reyktu ekki.

Stundaðu líkamsrækt.

Forðastu of mikla streitu.

Gættu að líkamsþyngd.

Pessi sex fyrirmæli eru harla ströng boðorð. En sé farið eftir þeim skila þau árangri. Það hefur reynslan sýnt. Og geri almenningur gangskör að því að fara eftir þeim þá er það besta heilsugæslan - og bestu forvarnir. Forvarnir byggjast á þekkingu og viljafestu einstaklinganna.

Og að lokum skyldu menn setja á sig það sem víðkunnur sérfræðingur hefur sagt: Matarkúr getur verið til góðs um stundarsakir en að halda stöðugt réttri líkamsþyngd er ævilangt viðfangsefni.

S.J.

Blóðbankar – ný tækni í blóðgjöf


Meðal algengustu aðgerða á sjúkrahúsum er blóðgjöf eða notkun blóðefna, svo sem blóðvökva eða blóðflagna. Meira en 12 milljónir sjúklinga í Bandaríkjum fá blóð úr öðrum til að bæta upp blóðmissi við uppskurð eða slys eða vegna blóðtrulana af sjúkdómsvöldum. Blóðgjöf er í rauninni vefjagjöf. Eins og við líffæraflutning þarf margs að gæta til þess að blóð gefanda hafi blóði þiggjanda. Aðalstuðlar blóðs eru A, B og O (hinir algengu „blóðflokkar“) ásamt Rh-mótefnisvaka, nefndur svo eftir Rhesusapanum sem hann fannst í. Nokkur önnur atriði eru einnig rannsókuð til að ganga úr skugga um samhæfingu áður en blóð er gefið.

Pörfin á blóði eykst með hverju ári en blóðgjöfum hefur snögglega stórum fækkað vegna þeirrar alröngu hugmyndar að menn geti smitast af eyðni við að gefa blóð. Vísindamenn vinna nú að því að finna leiðir til að auka blóðbirgðir án þess að þurfa að byggja allt á blóðgefendum. Þetta tvennt kemur helst til greina: að sjúklingur sjálfur leggi til blóðið og að tilbúið blóð verði tiltækt.

Til þess að sjúklingur sjálfur leggi til nauðsynlegt blóð þarf að taka honum blóð á dögunum fyrir aðgerð og geyma það þar til aðgerð fer fram. Verði blóðgjöf nauðsynleg er hans eigið blóð þá tiltækt. Gjöf eigin blóðs hefur marga kosti fram yfir þann að losna við óttann af sýkingu. Neikvæð viðbrögð við „framandi“ eftum í blóði úr öðrum eru engin og lítil þynning á blóði sjúklings eftir aðgerð getur spornað við vandkvæðum af völdum blóðtappa. Með þessum hætti verður meira til af blóði í neyðartilvikum og færri aðgerðum þarf því að fresta vegna skorts á blóði.

Þetta fyrirkomulag er bundið þeim sjúklingum sem eru það vel heilbrigðir að þeir geti látið í té blóð og eins því að aðgerð sé ákveðin með nokkrum fyrirvara. Rannsóknir á Ítalíu, Ástralíu og í Bandaríkjum gefa til kynna að margir uppskurðarsjúklingar eru færir um að sjá sjálbum sér fyrir blóði. Munur er á því milli spítala hvað margir óska eftir því að gerast eigin blóðgjafar við aðgerðir. Oftast þurfa sjúklingarnir að vera á aldrinum 16-75 ára, þeir

Skipting í blóðflokka



mega ekki vera blóðlitlir eða með kvef eða ígerðir þegar blóð er tekið úr þeim.

Pótt enn muni taka nokkur ár að framleiða blóð sem að fullu gagni komi er samt unnið að því til að koma í veg fyrir blóðskort í framtíðinni. Vonir standa til að tilbúið blóð geti ekki aðeins komið að gagni þegar um blóðmissi er að ræða heldur verði það til hjálpars við að sjá fyrir súrefni í hjartaáföllum og slagtilfellum. Um það hefur verið rætt að tilbúið blóð komi að gagni þegar gera þarf aðgerð á sjálfa hjartanu og við líffæraflutninga.

Til að koma að gagni þarf gerviblöð að hafa vissa eiginleika. Mikilvægast er að það geti flutt súrefni út í vefina og hirt kolsýru til baka, þ.e. úrgangsefni. Það verður einnig að vera efnafraðilega hlutlaust og laust við eiturefni. Gerviblöð þarf að geta haldist í líkamanum í nokkra daga en síðan horfið með öllu. Það verður að líkjast mannsblóði að gerð og eiginleikum og það þarf að geta geymst lengi. Vísindamenn eru hrifnastir af tveimur tæknileiðum við framleiðslu gerviblöðs: úr algeru efnafraðiefni sem kallast perfluoroefni (PPC) og úr úr sér gengnu mannsblóði sem kallast frysilaus blóðraudi (SFH).

Perfluoroefnið er efnafraðilega óvirkur vökti sem hefur verið notaður í stað blóðs í takmörkuðum tilraunum á spítöllum í Japan og Bandaríkjunum. Þetta efni (PPC) er meira en þrisvar sinnum færara en mannsblóð um að hreinsa vefi af kolsýru en hefur aðeins 20% hæfni blóðs til að flytja súrefni. Aðalkostir PPC eru að magn þess er ótakmarkað, að það endist lengi í líkamanum og að það eyðist lempilega úr líkamanum gegnum lungu, húð og nýru. Alvarlegur ókostur PPC er hvað það flytur lítið magn af súrefni, gefa þarf sjúklingi aukaskammt af súrefni til viðbótar því sem gerviblöðið flytur úr venjulegu andrúmslofti herbergis. Sömuleiðis hefur PPC sýnt tilhneigingu til að mynda blóðtappa. Samt sem áður hefur heppn-

ast giftusamlega að skipta á PPC og eigin blóði í fjölmörgum tilraunadýrum.

Frysilaus blóðraudi (SFH) hefur verið í athugun og þróun í meira en eitt hundrað ár. Þetta blóð er þannig til orðið að föstu efni er eytt úr rauðu blóðkornunum. Framleiða má SFH úr gjafablöði sem orðið er úrelt. Engin hætta er þó á sýkingu eða andæfisviðbrögðum sem brenna vill við þegar venjulegt blóð er gefið. Aðalkostur SFH er sá að hæfni þess til súrefnisflutnings er engu síðri en venjulegs blóðs. Ókostur er sá að það endist mjög stutt í líkamanum, blóðgjöf verður því að vera tíð. Enn er líka sá ókostur á SFH að líkamanum gengur illa að losna við það. Stöðugar rannsóknir á SFH eru í gangi, þar á meðal rannsóknir á blóði úr nautgrípum sem vissulega gæfi möguleika á ótakmörkuðu magni.

Framfarir í læknisfræði hafa sifelt meiri þörf á blóðgjöf í för með sér vegna stöðugt flóknari skurðlækninga og fleiri og erfiðari blóðvandkvæða. Blóðgjöf veldur einnig flestu fólk í meiri kvíða þótt blóð sé vandlega rannsakað með tilliti til eyðni. Af þessu leiðir að blóðbankar eru í fararbroddi um rannsóknir á staðgengisblóði í stað venjulegar blóðgjafar.

Pýtt. S.J.

Úr slysa- og sjúkra-skýrslum í Bandaríkjunum.

Hverjar eru líkurnar á...

að farast í flugslysi miðað við fjölda ferða? 0.001%

að 35 ára maður farist í bílslysi áður en hann verður 85 ára? 1%

að 55 ára gamall maður sem reykir minna en 25 sigarettur á dag deyi úr sjúkdómi tengdum reykingum fyrir 85 ára aldur? 19%

að 55 ára gamall maður sem reykir meira en 25 sigarettur á dag deyi úr sjúkdómi tengdum reykingum fyrir 85 ára aldur? 35%

að 35 ára gamall maður sem reykir meira en 25 sigarettur á dag deyi úr sjúkdómi tengdum reykingum fyrir 85 ára aldur? 85%

Bandarísk heilbrigðistíðindi, apríl 1987

*Einar Ragnarsson, Sigrús Pór Elíasson
og Sigurjón H. Ólafsson tannlæknar:*

Könnun á munnheilsu fullorðinna

einstaklinga í hópskoðun Hjartaverndar

Munnheilsa Íslendinga hefur til skamms tíma lítt verið könnuð. Aukinn almennur áhugi og skipulagðar skólatannlæknigar hafa raunar vakið ýmsar spurningar sem leitast hefur verið við að svara, m.a. með samanburði gagna þeirra er fyrir liggja og ýmiskonar skoðunum í skólum. Hérlandis er fremur auðvelt að afla faraldsfræðilegra upplýsinga um skólaþólk og vistmenn stofnana svo sem sjúkrahúsa og dvalarheimila. Erfiðara er að ná til fólkus yfir skólastyldualdri sem er að starfi víðsvegar í þjóðfélaginu. Hópur þessi skiptir þó verulegu máli því vitneskja um hann er nauðsynleg til viðmiðunar þegar meta skal árangur af tannverndaraðgerðum og taka á ákvarðanir fyrir framtíðina.

Pví má segja með sanni að faraldsfræðin hafi ekki aðeins vísindalega heldur einnig beina fjárhagslega þýðingu fyrir þjóðfélagið. Fyrsta faraldsfræðilega könnunin á þessu svíði hérlandis var gerð á vegum háskólans í Alabama í Bandaríkjunum af þeim Dunbar, Pálma Möller og Wolff árið 1962 (1).

Í ljós kom að ástand tyggingafæra fullorðinna einstaklinga var með ein-dænum lélegt. Einkum var tannleysi meðal kvenna ógnvekjandi og með því hæsta í heimi. Tæplega 50% allra kvenna á aldrinum 18-79 ára reyndust þá tannlausar með öllu en um fimmtugt voru meira en 70% þeirra tannlausar. Niðurstaðan sést í mynd 1.


Engan þarf því að undra, þótt kennara Tannlæknadeildar Háskóla Íslands fýsti að kanna hvort einhver breyting hefði orðið á í þessum efnunum á þeim liðlega tuttugu árum sem liðið



Einar Ragnarsson.



Sigrús Pór Elíasson.




Sigurjón H. Ólafsson.

hafa. Rannsóknarstöð Hjartaverndar virtist öðrum stöðum heppilegri til þess að afla slíkra upplýsinga og því var leit-að þangað. Tóku yfirlæknir dr. Nikulás Sigfússon og stjórn Hjartaverndar þeirri málaleitan vel og hafa greitt götu könnunarinnar í hvívetna. Tölvuvinnsla hefur verið unnin af verkfræðingunum Helga Sigvaldasyni og Ólafi Bjarnasyni en kostnaður greiddur úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

Pegar könnunin hófst var nýhafin skoðun karla fæddra 1907-1934 (52-79 ára) úr ferilrannsókn sem hófst árið 1967 hjá Hjartavernd. Notast var við spurningalistu með 33 spurningum er sérþjálfaður starfsmaður fór yfir, eins og lista stofnunarinnar, auk þess sem hjúkrunarfæðingur framkvæmt munnskoðun samkvæmt stöðluðu eyðublaði. Tók fyrsta könnun til 516 karla úr þessum hópi. Var þeim gögn-


um safnað á árunum 1985 og 86. Voríð 1987 hófst síðan gagnasöfnun vegna kvenna á sama aldrí og stendur hún enn yfir en þess vænst að henni ljúki fyrir áramót. Þegar hefur verið unnið úr fyrstu gögnum karlanna og kemur þar ymislegt athyglisvert í ljós (2). Má þar m.a. nefna hvernig tennur hafa tapast með aldrinum. (Mynd 2).

Ef til vill er ekki minnst um vert að hlutfallsleg seinkun virðist hafa orðið á tanngmissi milli hópanna 70-79 ára, 60-69 ára og 52-59 ára, eins og myndir 3 og 4 bera með sér. Þá virðist mjög á skorta að hópur þessi leiti til tannlæknis regluglega eins og sést í mynd 5. Ef til vill er þar nokkur skýring á tíðu tannleysi í hópnum. Án efa er það vísbending um áhugaleysi sem hugsanlega má rekja til of litillar fræðslu um tann- og munnheilsu. Samvinnan við Hjartavernd býður einnig upp á samanburð við



Mynd 1. Tannleysi Íslendinga 1962 samkvæmt athugunum Dunbars, Möllers og Wolffs (1).


ákveðna þætti í gagnabanka stofnunarinnar og segir sig sjálfst að slíkt getur verið mjög mikils virði. Mjög lítið hefur verið gert af því að bera saman tannleysi og munnástand yfirleitt annars vegar við almennt heilsufar hinsvegar.



Mynd 2. Hlutfallsleg aukning tannleysis með aldrinum.


Pessi þáttur er þó skammt á veg kominn enda von á meiri gögnum innan tíðar eins og áður getur. Þó eru fram komnar mjög ákveðnar vísbendingar um samband milli tóbaksreykinga og tannleysis. Einnig virðist í fljótum bragði

sem tannleysi sé algengara hjá körlum er gengist hafa undir maga- og skeifugarnaraðgerðir. Pessir þættir svo og margir fleiri þarfust þó mun nánari skoðunar áður en unnt er að draga af þeim nokkrar ályktanir. Þá ber og að



Mynd 3. Efri kjálki: Tannleysi hópanna er sýnt í hundraðshlutum á tilteknunum aldurskeiðum.

Mynd 4. Neðri kjálki: Tannleysi í hundraðshlutum við ákveðinn aldur. Seinkun tannmissis er greinileg. Mestur er munurinn milli tveggja eldri hópanna.



Mynd 5. Hér sést í hundraðshlutum fyrir hvern aldurshóp hvenær menn kváðust seinast hafa leitað tannlæknis.

hafa hugfast að úrtak þetta er eingöngu af Reykjavíkursvæðinu og gefur því ef til vill ekki rétta mynd fyrir landið allt.

(Fyrstu niðurstöður verða birtar í Læknablaðinu innan tíðar og myndir 1-4 eru birtar hér með leyfi útgáfustjóra blaðsins (2)).

Heimildir:

- Dunbar J B, Möller P, Wolff A E. A survey of dental caries in Iceland. Archs Oral Biol. 1968; 13: 57-81.
- Einar Ragnarsson, Sigurjón H. Ólafsson, Sigfús Pór Elíasson. Tennur og tannleysi 52ja-79 ára karla í hóprannsókn Hjartaverndar 1985-1986. Læknablaðið (sambykkt til birtingar, júní 1987).

Grænmeti er góðmeti – og íslenskt albest





Sölufélag garðyrkjumanna



Flugleiða Hótel

„Heill heimur
út af fyrir sig“ „Áning
í alfaraleið“



**HÓTEL
LOFTLEIÐIR**
Flugleiða  Hótel

Reykjavíkurflugvelli
Sími: (91)-22322. Telex: 2021.

 **HÓTEL** 

Flugleiða  Hótel

Suðurlandsbraut 2
Sími: (91)-82200. Telex: 2130.

,Heilbrigði allra árið 2000“

Alþjóðleg heilsbrigðisstefna

Lögð hefur verið fram í ríkisstjórninni og á Alþingi „íslensk heilbrigðisáætlun“ með hliðsjón af áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, „Heilbrigði allra árið 2000“. Íslensku heilbrigðisáætluninni verður ekki gerð skil í þessari grein en hins vegar er ástæða til að kynna nánar hina alþjóðlegu heilbrigðisstefnu, tildög hennar, hvernig að henni er staðið og aðalefnisatriði hennar. Er tilgangur þessara skrifa að kynna og auka skilning manna á því mikilvæga starfi sem efst er á baugi fram til næstu aldamóta hjá heilbrigðisyfirvöldum og alþjóðastofnunum í því skyni að bæta líf og heilsu manna um heim allan. Við gerð þessarar greinar var stuðst við skýrslur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.


Skipulag og tilgangur WHO

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, hér eftir nefnd WHO (World Health Organization), er ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna, stofnuð 1946. Aðild að henni eiga 166 ríki.

Stofnskrá WHO tók fyrst gildi 7. apríl 1948 og er þess síðan minnst með alþjóðaheilbrigðisdeginum 7. apríl ár hvert. Á síðasta ári, 1986, voru kjörorð alþjóðaheilbrigðisdaysins: „Heilbrig líf, hagur allra“, en í ár verður dagurinn tileinkaður ónæmisaðgerðum undir kjörorðunum: „Ónæmisaðgerðir, öllum börnum til handa“. (Immunization. A chance for every child.)

Tilgangur starfsemi WHO er í aðalatriðum þessi:

1. Að hvetja og aðstoða ríkisstjórnir til að axla ábyrgð sína á heilsu þjóða og tryggja virka þátttöku almennings í því starfi.



Hrafn V. Friðriksson

Aðalstöðvar WHO eru í Genf í Sviss en auch hennar eru starfandi sex svæðisskrifstofur. Fyrir Evrópu, EURO í Kaupmannahöfn, fyrir Ameríkuríkin, AMRO/PAHO í Washington, fyrir Austur-Miðjarðarhafslöndin, EMRO í Alexandriú í Egypta-landi, fyrir Suð-austur-Asíu, SEARO í Nýju Delhí á Indlandi, fyrir Vestur-Kyrrahafssvæðið, WPRO í Manila á Filippseyjum og fyrir Afríku, AFRO í Brazzaville í Kongó.

Ísland tilheyrir EURO-svæðisskrifstofunni í Kaupmannahöfn ásamt 31 öðru ríki með samtals um 800 milljónir íbúa. Skrifstofan skiptist í framkvæmdastjórn og sex svið með fjörutíu og einni undirdeild. Par starfa 270 fastráðnir starfsmenn frá 44 þjóðum auk séfræðinga, sem ráðnir eru til skemmtíma. Yfir 1000 sérfraðingar og vísindamenn taka árlega þátt í fundum og nefndum á vegum EURO og um 375 stofnanir og vísindamiðstöðvar í Evrópu eru viðurkenndar samstarfsstofnanir EURO. Leitarstöð Krabba-meinsfélags Íslands og Rannsóknarstöð Hjartaverndar eru í þeim flokki.

Daglegum rekstri EURO er stjórnað af framkvæmdastjóra þess, sem nú er norski læknirinn J.E. Asvall. Yfirstjórn og stefnumörkun EURO er hins vegar í höndum fundar svæðisnefndar EURO, sem í eiga sæti fulltrúar heilbrigðisráðuneyta allra 32 aðildarríkjanna og haldinn er árlega.

Fjárhagsárið 1984-1985 var rekstraráætlun EURO um 45 milljónir Bandaríkjadal.

Starfsemi EURO miðar að því að færa heilsufar íbúa aðildarríkjanna til betri vegar með því að hvetja og stuðla að nauðsynlegum breytingum í því skyni.

- Petta gerir EURO á eftirfarandi hátt:
1. Með fræðslu- og upplýsingastarfsemi um framfarir og nýjungar í heilbrigðisþjónustu.
 2. Með eflingu mikilvægra heilbrigðisrannsókna.
 3. Með því að stuðla að þróun heilbrigðisstefnu og verkefna meðal aðildarríkja í samræmi við grundvallaratrið „Heilbrigði allra“ og 4. með því að auka samvinnu og samræmingu alþjóðastofnana sem vinna að heilbrigðismálum.

Heilbrigði allra árið 2000

Öll starfsemi WHO og svæðiskrifstofanna fram til næstu aldamaða tengist heilbrigðisstefnu WHO, sem fengið hefur nafnið „Heilbrigði allra árið 2000“. Með aðild sinni að WHO hafa aðildarríkin einnig lýst yfir vilja sínum um stuðning við þessa „alheims heilbrigðisstefnu“, sem samþykkt var á 34. allsherjarþingi WHO 1981, í framhaldi af sérstakri samþykkt 32. allsherjarþings WHO 1979 um að aðildarríkin semdu og hrintu í framkvæmd sérstakri heilbrigðisáætlun hvert fyrir sig, fyrir hvert svæði og sameiginlega fyrir allan heiminn í því skyni að ná markmiðum um heilbrigði allra árið 2000.

Aðdragandi þessarar stefnu var samþykkt 30. allsherjarþings WHO árið 1977 um að:

Höfuðmarkmið WHO og aðildarríkja þess næstu áratugina í félagsmálum skyldi vera heilsa, öllum jarðarbúum til handa árið 2000 sem gerði þeim kleift að lífa félagslega og efnahagslega farsælu lífi.

Pessi stefna er í samræmi við ákvæði í stofnskrá WHO sem segir, að eitt af grundvallarréttindum hvers manns, án tillits til kynstofns, trúarbragða, stjórnálmaskoðana, efnahags- eða félagslegrar stöðu, er að njóta þeirrar bestu heilsu sem mögulegt er.

1978 lýsti alþjóðleg ráðstefna um frumheilsugæslu, þ.e. heilsugæslu og heilbrigðiseftirlit, sem haldin var í Alma-Ata í Sovétríkjum, að frumheilsugæsla væri forsenda þess að ná markmiðum um heilbrigði allra árið 2000.

Hún hefur verið skilgreind þannig:

Frumheilsugæsla byggir á hagnýtum, vísindalega viðurkenndum og félagslega raunhæfum aðferðum og tækni. Allir ættu að eiga kost á henni, ein-

staklingar og fjölskyldur á heimavelli þeirra og með fullri þátttöku þeirra og hún ætti að vera samfelld og á viðráðanlegu verði. Frumheilsugæsla hefst með fyrstu samskiptum einstaklinga við heilbrigðiskerfið, sem næst heimilum þeirra og vinnustað. Hún er fyrsti liður samfelldrar heilbrigðisþjónustu og er nauðsynlegur hluti í heilbrigðiskerfi þjóða.

Alma-Ata-yfirlýsingin skilgreindir átta aðalþætti frum- heilsugæslu sem:

1. Fræðslu um helstu heilbrigðisvanda-mál og aðferðir til að koma í veg fyrir þau og hafa eftirlit með þeim.
2. Fæðubirgðir og fullnægjandi næringu.
3. Heilnæmt neysluvatn og fullnægjandi meðferð úrgangs.
4. Mæðra- og ungbarnavernd ásamt fjölskylduráðgjöf.
5. Ónæmisáðgerðir gegn helstu smitsjúkdóum.
6. Varnir og eftirlit með landlægum sjúkdóum.
7. Viðeigandi meðferð algengustu sjúkdóma og slysa.
8. Nauðsynleg lyf tiltæk.

Íslensk heilsugæsla og heilbrigðiseftirlit fullnægir öllum þessum aðalþáttum frumheilsugæslunnar og mun meira en það, eins og reyndar flest önnur iðnvædd ríki í Norður- og Vestur-Evrópu gera.

Við framkvæmd „Heilbrigðis allra árið 2000“ gegnir heilsugæslan eins og hún er skipulögð á Íslandi að sjálfsögðu mikilvægu hlutverki.

Pessi heilbrigðisstefna, „Heilbrigði allra árið 2000“, þýðir ekki að árið 2000 muni sjúkdómar og fötlun vera úr sögunni eða að lærnar og hjúkrunarfræðingar muni hafa tekið að sér um önnun allra.

Heilbrigðisstefnan þýðir að fólk mun gera sér grein fyrir því að það hefur getu til að móta eigið líf og líf fjölskyldna sinna laust við ok sjúkdóma sem hægt er að fyrirbyggja, meðvitað um að heilsuleysi er ekki óumflyjanlegt.

Heilbrigðisstefnan þýðir að í huga fólks verður heilsa jákvætt hugtak um mesta mögulega, líkamlega, andlega, og félagslega vellíðan, en ekki eingöngu bundið af firrð sjúkdóma og fötlunar.

Heilbrigðisstefnan þýðir að grund-

völlur heilsu er lagður á heimilum, í skónum og á vinnustöðum og að fólk muni finna betri leiðir til varnar sjúkdóum og draga úr óhjákvæmilegum sjúkdóum og fötlun.

Heilbrigðisstefnan þýðir að fjármagni, mannafla og aðstöðu verður betur jafn-að og að allir muni njóta nauðsynlegar heilbrigðisþjónustu með fullri þátttöku þar um.

Heilbrigðisstefna og heilbrigðismarkmið EURO

Í framhaldi af samþykkt WHO frá 1977 og 1979 samþykkti svæðisstjórn EURO árið 1980 sérstaka *sameiginlega heilbrigðisáætlun* Evrópuríkja um heilbrigði allra árið 2000.

Aætlunin leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi fjögur meginatriði sem leggja þarf sérstaka áherslu á:

1. Lífsmáti og heilsa.
2. Áhættupættir heilsu og umhverfis.
3. Áherslubreytingar innan heilbrigðiskerfisins og
4. nauðsynlegar stoðaðgerðir, pólitískar, stjórnunarlegar, tæknilegar, varðandi mannafla, rannsóknir og annað sem nauðsynlegt er til að ná fram fyr nefndum þremur atriðum.

Árið 1984 voru síðan samþykkt „38 heilbrigðismarkmið“, sem lýsa þeim lágmarksárangri sem Evrópuríkin verða að ná í bættri heilsu og við lausn helstu vandamála í því sambandi.

Þýðing „Heilbrigðis allra árið 2000“ fyrir Evrópuríkin, sem mörg hver standa í fremstu röð hvað varðar heilbrigðisþjónustu, er í fyrsta lagi sú staðreynnd að heilsa fólks er verri en hún gæti verið þrátt fyrir miklar framfarir síðustu þrjá áratugina, einkum á svíði fjármögnumar til heilbrigðiskerfisins, þróun nýrra lyfja og í læknisfræðilegri tækni.

Í öðru lagi er enn mikill munur á heilsu fólks innan Evrópu þrátt fyrir öra þróun á svíði vísinda, efnahags og menntunar í flestum löndum hennar.

Forsendur heilbrigðis allra eru margar en nokkrar eru sérstaklega mikilvægar og taka heilbrigðismarkmiðin mið af þeim. Má þar nefna að án friðar, félagslegs réttlætis, nægð matar og öruggs neysluvatns, mannsæmandi húsnaðis, menntunar, gegns hlutverks í þjóðfélaginu og nægra tekna fyrir alla, er ekki hægt að búast við heilbrigði allra, vaxtar eða félagslegrar þróunar.

- Heilbrigðismarkmiðin taka mið af eftirfarandi sex aðalatriðum, sem ganga eins og rauður þráður í gegnum þau:
1. Heilbrigði allra þýðir *jöfnuð* í heilsu fólks innanlands og á milli manna.
 2. Höfuðáherslan er lögð á *heilsurækt* og *heilsuvernd* því takmarkið er að fólk líti jákvæðum augum á heilsu og njóti í sem ríkasta mæli þess sem hverjum er gefið líkamlega, andlega og tilfinningalega.
 3. Heilbrigði allra tekur til *sérhvers einstaklings*. Til að ná sameiginlegu markmiði er vel upplýst, áhugasamt og virk þátttaka samfélagsins nauðsynleg.
 4. Heilbrigði allra krefst *samræmdra aðgerða* alls samfélagsins. *Heilbrigðisgeirinn* getur aðeins leyst hluta vandamálanna, og þátttaka *annarra stjórnvalda* er nauðsynleg til að tryggja forsendur heilbrigðis, stuðla að stefnumörkun sem tekur tillit til heilsbrigðissjónarmiða og draga úr heilbrigðisáhættu frá hinu efnislega, efnahagslega og félagslega umhverfi.
 5. Pungamiðja heilbrigðiskerfisins ætti að vera *frumheilsugæslan* sem þjónar frumþörfum samfélagsins þar sem fólk býr og vinnur, fullnægjandi og aðgengileg öllum og byggð á virkri þátttöku samfélagsins.
 6. Heilsuvá getur náð yfir landamæri ríkja. Mengun og óhollar vörur eru dæmi um vandamál sem þarf að leyfa með *alþjóðlegri samvinnu*.

Heilsufarsstaðlar EURO

Aðildarríki EURO hafa einnig samþykkt að hafa eftirlit með og meta hvernig þeim tekst til að uppfylla heilbrigðismarkmiðin og gefa um það skýrslu á tveggja ára fresti, fyrst 1983

og meiriháttar úttekt á sex ára fresti, fyrst 1985.

Til að auðvelda þetta eftirlit hafa 65 *heilsufarsstaðlar* verið samþykktir sem fylgst verður með og sérstök tímasett framkvæmdaáætlun um heilbrigði allra innan EURO hefur verið lögð fram.

Markmiðin leggja enga lagalega skyldu á herðar aðildarríkjum WHO. Pau eru áætuð til að hvetja stjórnvöld, starfshópa og almenning hvers ríkis til að marka stefnu og verkefni um heilbrigði allra eftir því sem við á í hverju landi.

Til þess að ná markmiðinu um heilbrigði allra er öflugur og virkur stjórn-málalegur stuðningur og stuðningur almenninga og fjölmíðla nauðsynlegur.

Íslensk heilbrigðisáætlun

Eins og fyrr segir hafa íslensk heilbrigðisyfirvöld tekið virkan þátt í störfum og stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á alþjóðavettvangi og á Íslandi um "Heilbrigði allra árið 2000".

Heilbrigðisráðherra Ragnhildur Helgadóttir lagði fram á Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986-1987 skýrslu "Íslensk heilbrigðisáætlun" sem ríkistjórnin hafði samþykkt á fundi sínum 20. mars 1987 að tillögu heilbrigðisráðherra að unnið skyldi að í þeim tilgangi að stórauka forvarnir gegn sjúkdómum og slysum ásamt örorku og ótímabærum dauðsföllum af þeirra völdum.

Heilbrigðisáætlunin er í níu liðum með þrjátíu og þremur markmiðum ásamt fylgiskjali. Skipta má tillögunum í þrjá aðalþætti. Fyrst er fjallað um stefnumörkun í heilbrigðismálum, heilsugæslu og sjúkrahúsmálum og sett fram markmið. Þá er fjallað um þau atriði sem leggja ber áherslu á til að bæta heilsufar þjóðarinnar og sett fram

markmið. Að lokum eru taldar nauðsynlegar stoðaðgerðir til að ná fram settum markmiðum. Í fylgiritinu eru tekin saman verkefni í þrjátíu og þremur liðum sem nauðsynlegt er að framkvæma til að ná settum markmiðum heilbrigðisáætlunarinnar.

Næstu skref eru að kynna og fá fram umræðu um efnisatriði heilbrigðisáætlunarinnar og hrinda þeim atriðum í framkvæmd sem hægt er.

Ísland er einnig aðili að alþjóðlegum verkefnum sem tengjast heilbrigði allra og íslenskri heilbrigðisáæltun. Má þar nefna sem dæmi "Monica" rannsóknarverkefnið um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma sem Hjartavernd annast framkvæmd á hér á landi í samráði við heilbrigðisyfirvöld og "Cindi" forvarnverkefnið gegn langvinnum sjúkdónum sem tekur til landsins alls og stjórn-að er af sérstakri stjórnarnefnd og verk-efnisstjóra á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

Fjölmörg önnur verkefni eru í gangi sem tengjast þessum verkefnum og heilbrigði allra á einhvern hátt.

Sammerkt þeim flestum er að þau byggja á þátttöku einstaklinganna sjálfra og samvinnu ýmissa áhuga- og hagsmunaaðila auk stjórnvalda ef ná á árangri og hlutverk heilbrigðisyfirvalda er að sjá til þess að svo megi verða. Í því skyni þarf að endurmeta ýmis áhersluatriði í heilbrigðispjónustunni og annarri stjórnarsýslu og afla fjármagns til að koma á þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Fyrir því mun ráðuneytið beita sér í samstarfi við viðkomandi aðila.

Heimildir:

1. HFA-series 1-8, WHO/HQ, 1979-1982.
2. Targets for health for all 2000, 1985.

VELJUM ÍSLENSKT ÞEGAR ÞAÐ ER SAMBÆRILEGT OG JAFNFRAMT ÓDÝRARA

L LYFJAVERSLUN RÍKISINS **R**

**Öll vitum við að
ostur er bragðgóður**

en hann er

líka hollur

því að í honum eru öll næringarefni
mjólkurinnar og flest í mun ríkara mæli.



Próteinið – byggingarefni líkamans

Daglegur skammtur af því er nauðsynlegur til uppbyggingar og viðhalds frumum líkamans. Ostur er mun próteinríkari en t. d. kjöt eða fiskur. Dagleg þörf af próteini er áætluð um 45–65 g en í 100 g af osti eru 27–32 g af próteini.

Mjólkurostur er

besti kalkgjafinn

í venjulegu fæði. En kalkið á mestan þátt í myndun og viðhaldi
tanna og beina. Af því þurfa börnin
mikið og allir eitthvað.



Auk þess er í osti
**gnægð annarra
steinefna og vitamina**
sem auka orku og léttu lund.



9.101

Hvenær á að ráðleggja skurðaðgerðir og framhjáleiðslu við kransæðastíflu?

Sú spurning brennur oft á hjartasérfræðingum *hvort* og *hvenær* eigi að ráðleggja skurðaðgerð og framhjáleiðslu við kransæðasjúkdómi. Á undanförnum fimmán árum hefur verið gerður samanburður á skurðaðgerð og lyfjameðferð á slembiúrtaki hjartasjúklinga af eftirtöldum rannsóknaraðilum: *Samvinnuaðilum um rannsóknir á uppgrafa hermönnum í Bandaríkjunum* (Veterans Administration Cooperative Study) sem hér verður vísað til sem *A* (1-7), *Samvinnuaðilum um kransæðarannsóknir í Evrópu* (European Cooperative Coronary Study) sem hér vísast til sem *B* (8-12) og *Rannsóknaraðilum um skurðaðgerðir við kransæðasjúkdómi í Bandaríkjunum* (Coronary Artery Surgery Study) sem hér vísast til sem *C* (13-19).

Par sem engin rannsókn af þessum toga er í gangi núna verður á næstu árum vitnað í niðurstöður þessara rannsóknaraðila, þ.e. A, B og C. Tilgangurinn með þessari grein er að draga saman og samræma niðurstöður þessara merku kannana og gefa á þann hátt ráð eða ábendingar um skurðaðgerð og framhjáleiðslu sem hér verður kölluð *SAF* til hægðarauka.

Lífsengi

Allar slembiúrtaksrannsóknir hafa leitt í ljós að SAF er áranguríkari en lyfjameðferð til að fjarlægja einkenni og merki um blóðþurrð í hjartavöðva (1-17, 20). Til dæmis fundu 79-90% SAF-sjúklinga til minni verkja eftir aðgerð og 33-55% voru verkjalausir. Til samanburðar voru samsvarandi tölur 48-52% og 0-9% í hópi lyfjameðferðarsjúklinga (1-17, 20). Í nýlegri C-könnun höfðu SAF-sjúklingar greinilega minni brjóstverki, voru ötulli í starfi og leik, þurftu minni sjúkrapjálfun, boldu lengur við á þol-prófsgöngubraut, fengu síður hjartaöng og hjartaritsbreytingar við áreynslu en lyfjameðferðarsjúklingar þótt þátttaka í störfum og tómstundaiðkunum væri ekki til muna ólík í hópunum. Áhrif SAF á lífsengi sjúklings eru svo alkunn að markmiðið með rannsóknnum A, B og C var ekki að komast að raun um hvort aðgerð linaði verkja-einkenni heldur til að fá vitnesku um hvort hún lengdi líf-daga sjúklinga.

Lífslíkur

1) Sjúk vinstra aðalkransæð

Rannsóknir A sýndu að 88% SAF-sjúklinga lifðu a.m.k. 42 mánuði eftir aðgerð sem er greinilega betri

árangur en náðist hjá lyfjameðferðarhópnum, 65% (1,6). Sams konar niðurstaða fékkst í B-könnun þótt sönnun væri ekki eins greinileg sem e.t.v. stafaði af því hvað hópurinn var fámennur. Sjúklingar með alvarleg vinstri kransæðarmein voru ekki rannsakaðir í C-könnun.

2) Prjár æðar sjúkar

Í þessu tilfelli greinir rannsóknirnar þrjár sýnilega á. Heildarniðurstöður í rannsókn A sýna engan teljandi mun á 6 ára lífslíkum SAF-sjúkliga og lyfjameðferðarsjúklinga. Pó er dánartíðni SAF-sjúklinga á 3 af 13 þáttökusjúkrahúsum sérstaklega há (23%). Að slepptum þessum þremur spítöllum varð útkoman skurðaðgerðum greinilega í vil hvað 6 ára lífslíkur snerti, 81% á móti 65% í lyfjameðferðarhópnum. B-rannsóknin sem einungis náði til sjúklinga með eðlilegt útfallsbrot (0.50) sýndi greinilega að SAF-sjúklingar með mein í 3 æðum höfðu meiri lífslíkur en lyfjameðferðarsjúklingar (92% í 8 ár á móti 77%) (10-12). C-rannsóknin sem náði aðeins til einkennalausra eða einkennalítilla einstaklinga sýndi meiri lífslíkur í 7 ár hjá SAF-sjúklingum með mein í 3 æðum og minnkandi útfallsbrot vinstra hjartahvolfs í samanburði við lyfjameðferðarsjúklinga (88% á móti 65%) (19). Aftur á móti var enginn sýnilegur munur á lífslíkum í 5 eða 7 ár hjá hópum með eðlilegt útfallsbrot vinstra hvolfs (14,20).

Misræmið í niðurstöðum B og C í rannsóknum á sjúklingum með mein í 3 æðum og eðlilegt útfallsbrot vinstra hjartahvolfs getur stafað af eftirtöldum atriðum:

- Færri voru í rannsóknarhóp C af þessu tæi (160) en í B-hópnum (407).
- Í rannsókn C voru færri sjúklingar með skemmd í vinstra framkransæð, þ.e. alvarlegt mein (21), 32%, en í rannsókn B 71% (10,12,14,16). Í rannsókn B lengdi SAF ekki líf sjúklinga með heila vinstra framkransæð (11).
- Þátttakendur í rannsókn B liðu af meiri blóðþurrð en þátttakendur C, eins og sést á því að allir þátttakendur í rannsókn C voru í NYHA-flokki 1 og 2* á móti aðeins 57% af þátttakendum í rannsókn B (11,12,15). Og færri en 40% af þátttakendum í rannsókn C fengu hjartaöng eingöngu við verulega áreynslu og greinilegar hjartaritsbreytingar á áreynsluprófi samanborið við 57% þátttakenda B

*þ.e. með góða eða vægt skerta hjartastarfsemi.

(12,14,15). Sjúklingar sem engar breytingar sýndu á bolprófi fengu ekki bata með SAF í rannsókn B (10-12). Því virðist eðlilegt að álykta að SAF lengi líf sjúklinga með þrengsli í 3 æðum, eðlilega vinstra hvolfs starfsemi og hjartaöng – ef meinsemd er í vinstri framkransæð og blóðþurrð kemur í ljós við bolpróf. Enn á eftir að sanna gagnsemi SAF séu þessir tveir þættir ekki til staðar.

3) Tvær æðar sjúkar ásamt þrengslum í vinstri framkransæð

Í rannsókn A var ekki gerður sérstakur greinarmunur á sjúklingum með mein í vinstri framkransæð. En 88% af SAF-sjúklingum í rannsókn B með mein í 2 eða 3 æðum, þar af skemmd í vinstri framkransæð, lifðu í 8 ár á móti 79% af lyfjameðferðarþátttakendum þannig að SAF-sjúklingar með meinsemd í 2 æðum og sjúka vinstri framkransæð entust sýnu betur (11,12). Rannsókn C leiddi ekki í ljós greinilega meiri lífslíkur sjúklinga með mein í 2 eða 3 æðum, þar af mein í vinstri framkransæð, (14) en nákvæmar tölur voru ekki gefnar um þetta og hópur þátttakenda var minni en í rannsókn B.

4) Tvær æðar sjúkar, án meinsemdar í vinstri framkransæð, og ein sjúk æð

Allar kannanir sýna staðfastlega að SAF eykur ekki á lífslíkur sjúklinga með slík mein (1-20)

Hjartadrep

Engin könnun hefur sýnt að SAF minnki líkur á banvænu hjartadrepí.

Óstöðug hjartaöng

Slembikönnun á SAF-sjúklingum með hvarflandi brjóstverki (hvíkula hjartaöng) hefur sýnt að bráða-SAF-aðgerð veitir svíun á verkjum en ekki meiri lífslíkur en vönduð og vel rækt lyfjameðferð. Samt óskuðu um það bil helmingur þeirra sem áttu að fara á lyfjameðferð að gangast undir SAF-aðgerð (22).

Vísbending um SAF

Áhrif og árangur skurðaðgerðar, SAF, veltur á svo mörgum mismunandi þáttum að niðurstöður slembirannsókna ættu ekki að vera og geta ekki verið sjálfkrafa vísbendingar um skurðaðgerð á sjúklingum upp til hópa. Má þar nefna ástand og byggingu kransæða, starfsemi vinstra hjartahvolfs, verkjaeinkenni, nákvæma þekkingu á blóðþurrð, fyrri hjartaáföll, áhættuþætti, lífsvenjur sjúklings, aldur og heilsufar almennt, sjúkleika annarra líffæra, hæfni og reynslu lækna og aðstoðarfólks. Í sannleika sagt er engin formúla til sem gildir um það hvenær ráðleggja eigi uppskurð og ákvörðun verður að taka í hverju einstöku tilfelli að athuguðum þeim atriðum sem nefnd voru hér að framan.

Á töflu 3 eru dregnar saman þær vísbendingar um SAF sem reistar eru á fáanlegum niðurstöðum nýjustu kannana. Sjúklingar með sára verki, sem gengist hafa undir gagngera lyfjameðferð, eiga að fara í skurðaðgerð eða

víkkun til þess að losa þá við verkina. Sjúklingar með meinsemd í 1 eða 2 kransæðum án skemmdar í vinstri aðalframkransæð gangast undir SAF einungis til að lina verkjaeinkenni en ekki í von um lengri lífdaga. SAF er venjulega ráðlagt til að lengja lífslíkur þegar í hlut á sjúklingur með meinsemd í vinstri aðalframkransæð eða þrengsli í 3 æðum og lamaða vinstra hvolfsstarfsemi jafn-

Tafla I.

Samanburður á áhrifum skurðaðgerðar og lyfjameðferðar við kransæðasílu

Velja skal tafarlausa skurðaðgerð fram yfir lyfjameðferð þegar svona stendur á:

- 1) Til að auka lífslíkur
 - ef meinsemd er í vinstri aðalframkransæð,
 - ef meinsemd er í 3 æðum og starfsemi vinstra hjartahvolfs skert burtséð frá verkjum
 - ef meinsemd er í 3 æðum, þ.á.m. vinstri aðalframkransæð, starfsemi vinstra hvolfs er eðlileg, einkenni um blóðþurrð eru fyrir hendi og verkir koma fram í þolprófi
 - ef meinsemd er í 2 æðum, önnur þeirra vinstri aðalframkransæð, starfsemi vinstra hvolfs er eðlileg, einkenni eru um blóðþurrð og verkir koma fram í þolprófi.
- 2) ef verkir ágerast greinilega og einkenni um blóðþurrð í hjartavöðva eru óbrigðul
- 3) ef minnka þarf lyfjagjöf vegna blóðþurrðar
- 4) til að auka lífsgengið vegna 2) og 3).

Lyfjameðferð í byrjun (skurðaðgerð þó í bakhendinni ef einkenni krefjast þess) er betri eða jafngóð og bráð skurðaðgerð til að auka lífslíkur ef svona stendur á:

- 1) - ef ein kransæð er sjúk,
 - ef 2 kransæðar eru sjúkar, þó ekki vinstri aðalframkrænsæð
 - ef um óstöðuga hjartakeisu er að ræða.
- 2) Til að bæta starfhæfni og efla tómstundaiðkanir.
- 3) Til að fækka dvalardögum á spítala.
- 4) Til að draga úr hættu á nýju hjartaáfalli.
- 5) Til að auka á lífslíkur sjúklinga sem ekki hafa augljós einkenni blóðþurrðar í hjartavöðva.

Enn verður ekki ákveðið hvort betri er lyfjameðferð eða skurðaðgerð í þessum tilfellum:

- 1) Pegar meinsemd er aðeins í aðalframkransæð.
- 2) Pegar meinsemd er í 3 kransæðum en þó ekki í aðalframkransæð og starfsemi vinstra hvolfs eðlileg.
- 3) Pegar meinsemd er í 1 eða 2 kransæðum og starfsemi vinstra hvolfs ekki í lagi.
- 4) Pegar sjúklingur er í afturbata eftir nýlegt hjartaáfall og hann er með meinsemd í 2 eða 3 kransæðum en engin eða sáralítil verkjaeinkenni.
- 5) Pegar sjúklingur lifir af hjartahvolfsflökt án þess að leggjast á spítala en er með meinsemd í kransæðum og lítil eða engin einkenni.

vel þótt einkenni séu ekki til staðar. Skera ætti upp sjúklings með verki og meinsemð í 2 eða 3 kransæðum og eðlilega starfsemi vinstra hjartaholfs ef þrengsli eru í vinstri aðalframkransæð og ljós einkenni um blóðþurrð á hjartalínuriti. Hamli hjartaöng eða æfingar starfsorku eða valdi óæskilegum breytingum á lífsháttum ætti ekki að láta SAF dragast úr hömlu. Sjúklinga með sérþarfir, svo sem eins og flugmenn, getur þurft að skera upp fyrr en aðra. Margir atorkumenn og vinnuþjarkar kæra sig ef til vill ekki um að þola verki, langar athuganir eða hömlur. Ef þeir eru reiðubúnir að hætta á SAF ætti að leyfa þeim að velja. Að sjálfsögðu á sjúklingur með stöðuga verki að vera með í ráðum þegar tekin er ákvörðun um hvort SAF er tilhlýðileg læknisaðgerð. Hvað viðkemur sjúklingum með hvíkula öng ætti að hraða þeim í SAF-aðgerð sem hafa meinsemð í vinstri aðalframkransæð og hafa gengið í gegnum fullkomna lyfjameðferð.

Enn er ýmsum spurningum ósvarað í þessum efnum; svörin bíða nauðsynlegra slembirannsókna í framtíðinni:

1. Eykur SAF á lífslíkur sjúklinga með meinsemð í vinstri aðalframkransæð einni?
